

Breytingartillaga

við tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2014–2017.

Frá atvinnuveganefnd.

1. Á eftir 1. mgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:
Forsætisráðherra, fyrir hönd ríkisstjórnar sinnar, flytji Alþingi munnlega skýrslu um framgang byggðaaætlunar eigi síðar en fyrir lok árs 2015.
2. 2. mgr. liðar 1.2 orðist svo:
Aðgerðir: Stefnt verði í átt að fullum jöfnuði milli dreifbýlis og þéttbýlis á kostnaði við dreifingu raforku. Einnig verði stefnt að því að kostnaður við húshitun með raforku verði ekki hærrí en kostnaður við hitaveitur landsins og unnið að því að leita að hagkvæmum jarðhita á svæðum þar sem aðstæður bjóða upp á. Kostnaði verði mætt með greiðslum úr ríkissjóði, lagabreytingum eða jöfnun á kostnaði orkukaupenda á ólíkum svæðum.
3. Við 2. mgr. liðar 2.2 bætist tveir nýir stafliðir, svohljóðandi:
 - c. Kannaður verði möguleiki á því að námslán íbúa tiltekins svæðis verði afskrifuð um ákveðið hlutfall á hverju ári. Athugun á þessu verði lokið 1. október 2015.
 - d. Kannaður verði möguleiki á því að greiddar verði uppbætur á barnabætur íbúa tiltekins svæðis. Athugun á þessu verði lokið 1. október 2015.
4. Við 2. mgr. liðar 3.2 bætist tveir nýir stafliðir, svohljóðandi:
 - d. Stutt verði við mögulega uppbyggingu kalkþörunganáms og kalkþörungavinnslu á Vestfjörðum.
 - e. Stutt verði við mögulega uppbyggingu í fiskeldi.
5. Við bætist nýr liður, **3.6. Stuðningur við uppbyggingu skógarauðlindar**, svohljóðandi:
Markmið: Stuðningur við skógrækt á bújörðum þar sem aðstæður er ákjósanlegar verði eflur með áherslu á viðarframleiðslu, kolefnisbindingu, aukin landgæði, betri búsetuskilyrði og atvinnusköpun.
Aðgerðir:
 - a. Stefnt verði að frekari stuðningi við skógrækt.
 - b. Kannaður verði möguleiki á að efla rannsóknir og þróun á vegum Skógræktar ríkisins á ræktun og umhirðu skóga, nýtingu þeirra og úrvinnslu afurða.*Ábyrgð:* Umhverfis- og auðlindaráðuneyti.
6. Við 2. mgr. liðar 4.1 bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Skilgreiningu á framangreindu verði lokið eigi síðar en 1. október 2015.